



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 121. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands

Mánudaginn 19. janúar 2015 kl. 15:00 í húsakynnum Samorku

Mætt: Kristín Vala Matthíasdóttir formaður (*KVM*), Claus Ballzus (*CB*), Magnús Ólafsson (*MÓ*), Egill Júlíusson (*EJ*), Magnús Þór Jónsson (*MPJ*) og Sigurjón Norberg Kjærnested (*SNK*)

Boðuð forföll: Hildigunnur Thorsteinsson (*HT*)

Gestir fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt einróma.

2. Aðalfundur og vorfundur JHFÍ 2015

Á síðasta stjórnarfundum JHFÍ var ákveðið að fundirnir verði haldnir fimmtudaginn 19. mars 2015 í húsakynnum Landsvirkjunar. Þar var rætt um að þema fundarins væri áhugaverð erindi sem Íslendingar munu flytja á WGC 2015. Umræða fór fram um fundinn og möguleg erindi. Rætt var að hafa 5 erindi á fundinum. Ákveðið að stjórnarmenn muni skoða málið og koma með hugmyndir að erindum fyrir næsta stjórnarfund.

3. Félagatal JHFÍ

CB og *SNK*, gjaldkeri og ritari stjórnar JHFÍ, sögðu frá niðurstöðum yfirferðar þeirra á félagatali JHFÍ. Umræða fór fram um málið.

4. Kynningarátak

Umræða fór fram um þá hugmynd að JHFÍ setji af stað kynningarátak, sem miði að því að fá fleiri áhugafólk um jarðhita til að gerast félagsmenn. Ákveðið að ræða málið áfram á næsta stjórnarfundum.

5. Önnur mál

a) Energy resources and dams in Iceland

Samtök sem hafa staðið að útgáfu bókarinnar „energy resources and dams in Iceland“ sem inniheldur kafla um íslenskar jarðvarmavirkjanir, ætla nú að gefa þá bók út aftur. Í nýrri útgáfu af þeirri bók á að taka út kafla um jarðvarmavirkjanir og hafa eingöngu umfjöllun um vatnaflsvirkjanir. Hugmynd hefur komið fram um sérstaka slíka bók um jarðvarmavirkjanir. Fram kom eindregin vilji hjá stjórninni til að þessi fræðsla detti ekki niður og vill stjórn JHFÍ stuðla að því. *EJ* mun ræða málið áfram við viðeigandi aðila og stjórnin mun svo taka málið aftur til umfjöllunar.

b) Nýir félagar

Eftirfarandi umsóknir bárust um félagsaðild að JHFÍ.

- Axel Björnsson, axel.bjornsson@orkugardur.is, professor emeritus.

Umsóknin var einróma samþykkt og nýr félagsmaður boðinn velkominn.

c) Rannsókn á tíðni krabbameins á háhitasvæðum

Umræða fór fram um doktorsritgerð Aðalbjargar Kristbjörnsdóttur lýðheilsufræðings, um tíðni krabbameins á háhitasvæðum og frétttaflutning um hana. Ákveðið var að skoða að hafa erindi um málið á vorfundi JHFÍ.

Næsti fundur var ákveðinn mánudaginn 9. febrúar í húsakynnum Mannvits.

Fundi slitið 16:50.

Sigurjón Norberg Kjærnested, fundarritari

